

## **Minjaráð Reykjaness**

**10. september 2019, Bungalowið, Hafnarfirði, kl. 14 -16**

**Mætt:** Arinbjörn, Björn, Hallur, Valgerður, Guðlaug, Daníel

### **Stefnumótunarfundur - Hugmyndir og tækifæri til úrbóta**

#### **Um hlutverk minjaráða**

Hafa þau einhver áhrif? Finnst vanta skýrari tilgang. Væri til dæmis hægt að:

- Veita viðurkenningar, vekja athygli á einhverju sem vel er gert á svæðunum eða á minjum sem eru varðveisluverðar, einstaklingur sem hefur gert vel í að gera upp gamalt hús (þarf þá ekkert endilega að vera friðað eða friðlýst hús). Gæti verið einhvers konar millistig, ekki friðlýsing eða friðun en samt einhvers konar status.
- Veita umsagnir um skipulagsmál. Gætu virkað sem álitsgjafar fyrir Minasjofnun. Í ráðunum er heimafólk sem hefur kannski annað sjónarhorn en MÍ. Gæti líka verið stuðningur við Minjavörð í erfiðum málum.

#### **Minjar sem ætti að leggja áherslu á/vekja athygli á**

- Varnarliðsminjar, bæði jarðfastar og óáþreifanlegar. Þyrfti að safna frásögnum fólks af veru varnarliðsins áður er það er of seint
- Strandminjar, mikið að hverfa vegna ágangs sjávar en einnig eru varir að fara undir sjóvarnargarða víða um land (sem eru reistir vegna ágangs sjávar)
- Minjar um eldvirkni og nýtingu þess
- Grjótgarðarnir á Reykjanesi, list sem er að glatast. Ætti að veita athygli og halda við.
- Vörður, eru margar komnar inn í bæina því þeir hafa stækkað svo mikið. Spurning um að viðhalda og gera við. Kenna börnum að bera virðingu fyrir þessum minjum, eitthvað um að verið sé að sparka þeim niður
- Vörður við tófugreni, minjaflokkur sem er lítið þekktur
- Yngri hús, td. Timburhús, hús frá 1950. Mætti varðveita fulltrúa ákveðinna tímabila
- Heildir. Þyrfti að varðveita ásýnd/yfirbragð hverfa þar sem öll hús eru byggð á ákveðnum tíma og á ákveðinn hátt. Stundum verið að byggja á auðum lóðum í slíkum hverfum hús sem passa engan veginn inn.

#### **Kynning til almennings/PR**

- Þarf að ná betur til almennings, auka virðingu fyrir menningararfinum. PR áttak. Alltaf talað um hvað það er dýrt að gera upp hús – en hver er ávinningurinn?
- Byrja í skólakerfinu, jafnvel strax í grunnskóla.

#### **Sjóðirnir**

- Koma upp sérstökum bátasjóði. Gengur ekki að hafa styrki til báta í alltof litlum fornminjasjóði